

1978 nr. 9 5. maí**Lög um geymslufé**

Tóku gildi 18. maí 1978. Breytt með l. 57/1993 (tóku gildi 1. júlí 1993).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **iðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1993, 1. gr.

■ **2. gr.** Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda ef unnt er.

□ Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

□ Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

■ **3. gr.** Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

■ **4. gr.** Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárins samkvæmt ákvæðum 3. gr., eða samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

□ Geri greiðandi víðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

■ **5. gr.** Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 ár-um frá innborgunardegi að telja. Aður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

□ Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

□ Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geymslufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

■ **6. gr.** Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geymslufé og meðferð geymslureikninga.

■ **7. gr.** Sérreglur um geymslufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.